

644. fundur

Miðvikudaginn 2. maí 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR
Benedikt S. Benediktsson, FJR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR
Elisabet Anna Jónsdóttir ANR
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR
Arnar Freyr Einarsson ANR

1. Lögð fyrir fundargerð 643. Staðfest.
2. Lögð var fram niðurstaða aukaútboðs á tollkvótum vegna innflutnings á blómum sbr. reglugerð nr. 1017/2017 fyrir fyrri hluta ársins 2018.

Föstudaginn 25. apríl 2018 rann út tilboðsfrestur í aukaúthlutun tollkvóta á blómum vegna fyrri hluta ársins 2018, sbr. reglugerð nr. 1010/2017.

Tvær umsóknir bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9091) samtals 200 stk. Hæsta boð var 50 kr./stk. en lægsta boð var 50 kr./stk. Tilboðum var tekið frá einu fyrirtæki um innflutning á 20 stk. á meðalverðinu 50 kr./stk.

Tvær umsóknir bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9093) samtals 1.000 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 900 stk. Úthlutað var án útboðs.

Fjórar umsóknir bárust um innflutning á afskorin blómum, (0603.1909) samtals 86.000 stk. Hæsta boð var 15 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboðum var tekið frá fjórum fyrirtækjum um innflutning á 77.925 stk. á meðalverðinu 4 kr./stk.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinnna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Blómstrandi pottaplöntur aukaúthlutun 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
20	Blómabúð Akureyrar ehf

Aðrar pottaplöntur aukaúthlutun 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
100	Blómabúð Akureyrar ehf
800	Grænn markaður ehf

(Annars) afskorin blóm aukaúthlutun 2018

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
2.000	Blómabúð Akureyrar ehf
15.000	Blómagallery ehf
26.308	Grænn markaður ehf
34.617	Samasem ehf

3. Tekið var til framhaldsumræðu erindi frá Sölufélagi garðyrkjumanna dags. 5. apríl sl. þar sem bent var á að fyrirsjáanleg vöntun sé á kartöflum á markaðinn. Kannað hefur verið birgðamagn hjá kartöflubændum á Norðurlandi, Þykkvabæ og Hornafirði í fimm vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.